

Erindisbréf til Fræðslunefndar og Bæjarstjórnar Árborgar

Ungmennaráð Árborgar telur ákjósanlegt fyrir framsækið sveitarfélag með nútímalega umhverfisstefnu að byggingar sem byggðar eru á vegum sveitarfélagsins séu svansvottaðar. Kópavogsbær hyggst nú byggja Kársnesskóla að nýju en nú svansvottaðan. Nýji miðbærinn er svansvottaður og ætti Sveitarfélagið Árborg að fara létt með það að svansvotta nýjan skólann sunnan Suðurhóla. Mikil umhverfisáhrif fylgja byggingariðnaðinum. Í svansvottun húsnæðis er markvisst unnið að því að minnka umhverfisáhrif framkvæmdanna, meðal annars með kröfum um lága orkunotkun hússins og ríka áherslu á öruggari og umhverfisvænni efni. Losun efna úr mismunandi byggingarefnum og hlutum er almennt vanmetin og skipta gæði innivistar miklu máli fyrir almenning sem ver um 90% af tíma sínum innandyra. Eiturgufur úr ódýru byggingarefni, sem ekki er svansvottað, getur haft veruleg áhrif á heilsu barna. Því er mikilvægt að taka tillit til umhverfisþátta strax við hönnun bygginga. Ungmennaráð Sveitarfélagsins Árborgar skorar á Fræðslunefnd og bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar að byggingar sem byggðar eru á vegum sveitarfélagsins séu allar svansvottaðar og góð byrjun væri grunnskóli sunnan Suðurhóla.

Ungmennaráð Árborgar.